

Fimmtudaginn 26. maí 1994.

Nr. 194/1994.

Skipabrautin hf.

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Landsbanka Íslands

(Gunnar Sólves hrl.)

Kærumál. Innsetning. Nauðungarsala. Haldsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. apríl 1994, sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði kröfu varnaraðila um innsetningu í nýsmíði nr. 7, stál-bát í smíðum hjá sóknaraðila. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Skipabrautin hf., skal greiða varnaraðila, Landsbanka Íslands, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 20. apríl 1994.

I.

Mál þetta, sem varðar beina aðfarargerð, var þingfest 30. mars 1994 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 14. apríl 1994.

Gerðarbeiðandi, Landsbanki Íslands, kt. 710169-1449, gerir þá dómkröfu,

að fiskibátur, nýsmíði nr. 7, verði tekinn með beinni aðfarargerð úr vörslum gerðarþola og fenginn gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Skipabrautin hf., kt. 691289-3979, gerir þá dómkröfu, að hafnað verði kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu í nýsmíði nr. 7, stálbát í smíðum hjá gerðarþola. Þá krefst gerðarþoli málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, auk þess sem gerðarbeiðandi verði dæmdur til greiðslu virðisaukaskatts samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/1987.

Sáttaumleitanir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Hinn 14. mars 1994 var fyrir tekið hjá sýslumanninum í Keflavík að selja nauðungarsölu nýsmíði nr. 7, stálbát, 9,9 tn., í smíðum hjá gerðarþola. Gerðarþoli við nauðungarsöluna var Gylfi Baldvinsson, Ægisgötu 13, Árskógssandi, en gerðarbeiðandi Landsbanki Íslands. Sýslumaður ákvað að uppboð á smíðinni færi fram þrátt fyrir andmæli gerðarþola máls þessa, sem er smíður bátsins. Á uppboðinu var gerðarbeiðanda slegin smíðin á kr. 15.000.000 og greiddi hann þegar í stað uppboðsandvirðið.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að þegar hann ætlaði að taka bátinn í sínar vörslur daginn eftir uppboðið, hafi honum verið það meinað af forráðamönnum gerðarþola, sem talið hafi uppboðið ólöglegt og að gerðarþoli hefði haldsrétt í hinum selda fiskibát.

Með bréfi gerðarþola, dags. 10. mars 1994, leitar hann úrlausnar dómsins um gildi nauðungarsölnnar. Í því máli gerir gerðarþoli þá kröfu aðallega, að uppboðið verði ógilt. Sæti uppboðið ekki ógildinguna, er þess krafist, að boð gerðarþola á uppboðinu, að fjárhæð kr. 16.000.000, verði samþykkt og viðurkenndur réttur gerðarþola til þess að greiða uppboðsandvirðið með inneign af haldsréttarkröfu. Þá er gerð sú krafa, að uppboðsandlagið verði tilgreind réttindi uppboðsþola, Gylfa Baldvinssonar, og að viðurkenndur verði réttur gerðarþola til þess að ljúka smíðinni samkvæmt ákvæðum verksamnings, dags. 4. desember 1990, með síðari breytingum á kostnað hæstbjóðanda. Enn fremur krefst gerðarþoli þess, að staðfestur verði haldsréttur hans í nýsmíðinni, þar til fullnaðaruppgjör hafi farið fram.

III.

Gerðarbeiðandi byggir málatilbúnað sinn á því, að hann hafi verið hæstbjóðandi á uppboði sýslumannsins í Keflavík 14. mars 1994 með boð að fjárhæð kr. 15.000.000. Á þeirri greiðslu hafi gerðarbeiðandi staðið full skil til uppboðshaldara og því geti hann krafist umráða yfir fiskibátinum sem lögmætur eigandi svo og með vísan til 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Gerðarþoli telur að ágreiningur um gildi uppboðsins girði fyrir, að smíðinni verði brögðað frá vörslumanni. Gerðarbeiðandi hafi við uppboðið einungis eignast þau réttindi, sem uppboðspoli, Gylfi Baldvinsson, átti. Réttur hans byggist á verksamningi við gerðarþola, dags. 4. desember 1990, með síðari breytingum. Vegna verulegra vanefnda á greiðslu verkkaups hafi smíði legið niðri frá því haustið 1991.

Gerðarþoli byggir á því, að hann sé verksali, sem hafi samning um framkvæmdir verksins til loka þess. Hvorki hafi verið boðnar fram efndir á verksamningi né heldur hafi samningi verið rift. Samkvæmt 5. gr. verksamningsins hafi gerðarþoli haldsrétt í bátnum og aðkeyptu efni, þar til lokauppgjör hafi farið fram. Þá hafi gerðarþoli einnig lögbundinn haldsrétt til tryggingar kröfum vegna smíði, enda hafi hann vörslur skipsins, sbr. 1. mgr. 200. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Haldsréttarkrafa gerðarþola nemi kr. 23.878.069 og henni hafi verið lýst fyrir sýslumanni við fyrirtöku á nauðungarsölubeiðni gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli heldur því fram, að áskilnaði 78. gr. laga nr. 90/1989 um skýran og ótvíræðan rétt gerðarbeiðanda sé ekki fullnægt, og því beri að hafna fram kominni kröfu um innsetningu.

IV.

Mál þetta lýtur að bát í smíðum hjá gerðarþola, sem sýslumaðurinn í Keflavík seldi á nauðungarsölu 14. mars 1994. Um uppboð þetta giltu ákvæði XI. kafla laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/1991 setur dómsmálaráðherra almenna skilmála fyrir uppboðssölu á lausafjármunum, sem skulu birtir í auglýsingu í Stjórnartíðindum, en í 6. tl. ákvæðisins er mælt fyrir um að í skilmálum þessum skuli kveðið á um að kaupanda sé rétt og skylt að taka munina í sínar vörslur, um leið og söluverðið sé greitt. Í samræmi við þetta var gefin út auglýsing nr. 42/1992 um almenna skilmála fyrir uppboðssölu á lausafjármunum o.fl. Samkvæmt 7. gr. þeirra er kaupanda „rétt og skylt að taka muni í sínar vörslur, um leið og kaupverð þeirra er greitt“. Ekki liggur fyrir í máli þessu, að við nauðungarsöluna 14. mars 1994 hafi verið vikið frá almennum uppboðsskilmálum, sbr. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 90/1991.

Sýslumaðurinn í Keflavík tók boði gerðarbeiðanda í nýsmíði nr. 7, fiskibát í smíðum hjá gerðarþola, að fjárhæð kr. 15.000.000. Gerðarbeiðandi greiddi kaupverðið þegar í stað og samkvæmt uppboðsskilmálum átti hann lögvarinn rétt til að taka nauðungarsöluandlagið í sínar vörslur, eftir að hafa staðið skil á boði sínu. Breytir engu þótt gerðarþoli hafi leitað úrlausnar dómsins um gildi nauðungarsölunnar eða hvort hann hafi átt haldsrétt til tryggingar kröfum sínum, enda koma slík réttindi til álita við úthlut-

un uppboðsandvirðis. Réttindi gerðarbeiðanda eru því svo ljós, að sönnur verða færðar fyrir þeim með gögnum, sem 83. gr. laga um aðför nr. 90/1989 kveður á um, sbr. 78. gr. laganna. Ber því að taka umráðakröfu gerðarbeiðanda til greina.

Af hálfu gerðarbeiðanda er ekki gerð krafa um greiðslu málskostnaðar. Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, skal afhentur úr vörslum gerðarþola, Skipabrautarinnar hf., með beinni aðfarargerð fiskibátur, nýsmíði nr. 7.
